

Fimmtudaginn 19. mars 1981.

Nr. 4/1981. **Dýraspítali Watsons og**
Erik Ramskov Garbus
 gegn
Páli A. Pálssyni yfirdýralækni.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðiljar hafa samkvæmt heimild í b lið, 1. tl., 1. mgr., 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. desember 1980, sem Hæstarétti barst 12. janúar 1981. Krefjast þeir þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka mál-ið til efnismeðferðar. Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kæru-málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 31/1970 um dýralækna veitir landbúnaðarráðuneytið dýralæknum lækningaleyfi „að fengn-um meðmælum yfirdýralæknis“. Með bréfi 16. júní 1980 lýsti yfirdýralæknir, varnaraðili í máli þessu, því yfir, að hann treysti sér ekki til að mæla með því, að sóknaraðiljan-um Erik Ramskov Garbus yrði veitt dýralækningaleyfi, en hann hafði sótt um slíkt leyfi til starfa hjá sóknaraðiljanum Dýraspítala Watsons. Á grundvelli þess bréfs yfirdýralæknis synjaði landbúnaðarráðuneytið um leyfið með bréfi sama dag.

Yfirdýralækni ber að segja álit sitt á því, hvort dýralæk-n-ingaleyfi skuli veitt, svo sem í lögum nr. 31/1970 segir, og má eigi veita leyfi, nema hann mæli með því. Í þessu starfi er hann ekki háður skipunarvaldi landbúnaðarráðherra. Kröf-ur sóknaraðilja varða slíka lögboðna umsögn yfirdýralæknis, og er þeim því réttilega að honum beint.

Í málinu krefjast sóknaraðiljar þess, að fyrrgreind synjun varnaraðilja, yfirdýralæknis, verði dæmd ólögmæt.

Fallast má á, að sóknaraðiljar eigi lögvarða hagsmuni af því að fá úr því leyst af dómstólum, hvort umrædd synjun sé gild. Þar sem kröfum sóknaraðilja er, sem fyrr segir, réttilega að yfirdýralækni beint, ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar
og Magnúsar Þ. Torfasonar.**

Við teljum, að fallast megi á það með héraðsdómara, að sóknaraðiljar geti haft af því lögvarða hagsmuni að fá úr því skorið, hvort umsögn varnaraðilja, sem er lögskipaður undanfari fyrir veitingu leyfis til dýralækninga, hafi verið gefin innan þeirra marka, sem lög setja. Eru dómstólar því bærir til að fjalla um ágreining, sem þetta varðar.

Málssókn sóknaraðilja miðar ekki að því að hnekkja þeirri stjórnvaldsákvörðun landbúnaðarráðherra að synja sóknaraðilja Erik Ramskov Garbus um leyfi til dýralækninga vegna þess, að annmarkar hafi verið á umsögn varnaraðilja, svo sem sóknaraðiljar halda fram. Stæði sú synjun óhöggud, hverjar sem yrðu lyktir máls þessa. Samkvæmt þessu, og þar sem ekki standa efni til, að sóknaraðiljar megi krefjast sérstaks viðurkenningardóms á hendur varnaraðilja um, að ólögmæt verði dæmd synjun hans á að mæla með því, að sóknaraðiljanum Erik Ramskov Garbus verði veitt leyfi til

dýralækninga hér á landi, teljum við, að staðfesta beri niðurstöðu hins kærða frávísunardóms.

Við teljum rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. desember 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar í dag, hafa Sigfríð Þórisdóttir f. h. stjórnar sjálfseignarfélagsins „Dýraspítali Watsons“, Víðidal við Vatnsveituveg, Reykjavík, og Erik Ramskov Garbus dýralæknir, áður til heimilis að Hraunbæ 148, Reykjavík, en nú búsettur í Danmörku, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri þriðjudaginn 24. júní 1980, gegn yfirdýralækni, Páli A. Pálssyni, til þess að fá, eins og í stefnu segir, „ógilda með dómi synjun yfirdýralæknis um meðmæli með því, að Eric Ramskov Garbus verði veitt leyfi til þess að stunda dýralækningar við Dýraspítala Watsons. Fyrir dóminum kveðast stefnendur munu gera þær kröfur, að viðurkennt verði með dómi, að synjun yfirdýralæknis um meðmæli með því, að Eric Ramskov Garbus verði veitt lækningaleyfi til starfa við Dýraspítala Watsons sé ólögmæt.“ Þá krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefnda skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ. Enn fremur áskilja stefnendur sér rétt til þess að krefja stefnda í þessu máli eða sérstöku máli um skaðabætur fyrir allt það tjón, er stefnendur kunna að verða fyrir vegna hinnar ólögmætu synjunar yfirdýralæknis.

Stefndi, Páll A. Pálsson yfirdýralæknir, gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnenda og að þeir verði dæmdir in solidum til þess að greiða sér hæfilegan málskostnað.

Að ákvörðun dómara og með samþykki aðilja fór fram sérstakur málflutningur um formhlið málsins, þar sem dómaranum þótti vafi kunna leika á um dómhæfi kröfugerðar stefnenda. Fór sá flutningur fram fyrr í dag og málið að flutningi loknum tekið til dóms eða úrskurðar um formhlið þess.

Helstu málavextir eru þessir:

Í stefnu er málavöxtum þannig lýst:

„Með gjafabréfi, dags. 11. febrúar 1974, gaf Hon. Mark Watson, London, Englandi, sem nú er látinn, eftirtöldum aðilum dýraspítala, sem er verksmiðjuframleitt hús, ca. 130 fm að stærð, ásamt öllum viðeigandi læknisáhöldum:

1. Samtökum sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi
2. Dýraverndunarfélagi Reykjavíkur
3. Hundavinafélagi Íslands
4. Hestamannafélaginu Fáki
5. Sambandi Dýraverndunarfélaga á Íslandi
6. Reykjavíkurborg

Þær kvaðir fylgdu gjöfinni, að spítalinn stæði opinn öllum heimilisdýrum, þ. á m. fuglum, köttum, hundum, fiskum, hömstrum, kaninum o. þ. h., til lækninga og að tilraunir á dýrum verði ekki stundaðar þar. Spítalinn yrði og opinn veiðihundum, lög-regluhundum, sveitahundum og villiköttum. Hins vegar yrði hann ekki opinn dýrum í dýragörðum, kindum, svínunum, kúm og öðrum dýrum, sem væru arðgefandi. Gengust þiggjendur gjafarinnar undir þessar kvaðir auk þess sem Reykjavíkurborg samþykkti að veita lóð undir spítalann og að koma húsinu á grunn.

Samkvæmt gjafabréfinu kvað gefandinn, Mark Watson, gjöfina gefna í þeim tilgangi, að dýravinir á Íslandi hefðu aðstöðu til þess að leita lækninga til handa sjúkum dýrum.

Framantaldir þiggjendur gjafarinnar stofnuðu með sér sjálfs- eignarfélagið „Dýraspítala Watsons“ og gerðu með sér skipu- lagsskrá fyrir sjálfseignarfélagið, dags. 27. apríl 1977, sem stað- fest var í Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 3. maí 1977.

Dýraspítali Watsons var tilbúinn til starfrækslu hinn 29. apríl 1977, og fór þá fram úttekt á húsnaði spítalans og lækninga- tækjum af hálfu yfirdýralæknis, sbr. bréf hans, dags. 30. apríl 1977, en þar segir m. a. svo:

„Ég tel, að þarna sé komin hin æskilegasta aðstaða til rann- sókna og hvers konar aðgerða og geymslu heimilisdýra. Er með þessu sjúkrahúsi ráðin bót á tilfinnanlegum skorti á aðstöðu til aðgerða og vörzlu sjúkra heimilisdýra, sem lengi hefir verið brýnn skortur á hér í borg“.

Hófst stjórn félagsins þá þegar handa um að fá dýralækni til starfa á spítalanum, sem gegna skyldi fullu starfi við spítalann. Var auglýst í dagblöðum og útvarpi eftir dýralækni auk þess sem stjórnin leitaði til íslenzkra dýralækna, bæði innanlands og utan, til þess að fá þá til starfa við spítalann, en allt án árangurs.

Þegar fullreynt þótti, að íslenzkur dýralæknir fengist ekki að spítalanum, sótti sjálfseignarfélagið með bréfi, dags. 24. ágúst 1977, um lækningaleyfi fyrir Andrew Lees, dýralækni frá Bret-

landi, til starfa við spítalann. Var þeirri umsókn synjað með bréfi landbúnaðarráðuneytisins, dags. 5. sept. 1977, og benti yfirdýralæknir á í umsögn sinni, að stjórn spítalans snéri sér til þeirra íslenzku dýralækna, sem störfuðu erlendis eða væru að ljúka þar námi.

Þrátt fyrir enn ítrekaðar tilraunir stjórnarinnar til þess að ráða íslenzkan dýralækni til starfa skv. ábendingu yfirdýralæknis hefir ekki tekist að fá dýralækni í fullt starf við spítalann.

Á árinu 1979 reyndi stjórn spítalans enn að leita eftir því að fá dýralækni frá Danmörku, svo að rekstur spítalans gæti hafist. Lyktaði tilraunum stjórnarinnar með því, að eigandi Östjysk Dyrehospital, Laurbjerg í Danmörku, Hans Breth Hansen, dýralæknir, lýsti sig reiðubúinn til þess að veita ráðgjöf við að koma rekstri spítalans á fót og að ráða fyrir hönd sjálfseignarfélagsins danskan lækni að spítalanum.

Kom Hans B. Hansen hingað til lands í nóvember 1979 og aftur í maí 1980 og átti þá viðræður við yfirdýralækni, Pál A. Pálsson, formann Dýralæknafélags Íslands, Jón Guðbrandsson, og héraðsdýralækni, Brynjólf Sandholt, um mögulega samvinnu, sem lyktaði með því, að héraðsdýralæknirinn og Hans Breth Hansen gengu frá samstarfssamningi milli stjórnar Dýraspítalans og héraðsdýralæknisins.

Í framhaldi af því sendi stjórn Dýraspítalans f. h. Eric Ramskov Garbus hinn 14. maí 1980 umsókn til landbúnaðarráðuneytisins um lækningaleyfi fyrir Eric Ramskov Garbus.

Með bréfi, dags. 16. júní 1980, taldi landbúnaðarráðuneytið sig ekki geta orðið við beiðni um lækningaleyfi með tilliti til þess, að yfirdýralæknir treysti sér ekki til þess að mæla með, að E. R. Garbus yrði veitt lækningaleyfi.

Bréf landbúnaðarráðherra frá 16. júní 1980 er svohljóðandi:

„Í bréfi, dags. 14. maí s.l., farið þér þess á leit, að Erik Garbus, dýralækni frá Danmörku, verði heimilað að starfa við Dýraspítala Watsons í 6 mánuði frá 20. maí að telja.

Skv. 1. gr. laga nr. 31/1970 um dýralækna teljast þeir einir dýralæknar, sem lokið hafa prófum frá læknaháskóla, sem viðurkenndur er af íslenskum stjórnvöldum, og hlotið hafa lækningaleyfi hjá landbúnaðarráðuneytinu að fengnum meðmælum yfirdýralæknis.

Ráðuneytinu hafa borist hörð mótmæli Dýralæknafélags Íslands gegn því, að erlendur dýralæknir taki hér upp störf.

Erindi yðar var sent yfirdýralækni til umsagnar, sem treystir sér ekki til að mæla með, að dýralækni E. R. Garbus verði veitt læknisleyfi til að stunda dýralækningar á Íslandi.

Með vísan til framanritaðs getur ráðuneytið ekki orðið við beiðni yðar um læknisleyfi fyrir Erik R. Garbus við Dýraspítala Watsons.

Pálmi Jónsson
/Sveinbj. Dagfinnsson“.

Umsögn yfirdýralæknis, sú er landbúnaðarráðherra vitnar til í bréfi sínu frá 16. júní 1980, er svohljóðandi:

„Reykjavík, 16. júní 1980.

Landbúnaðarráðuneytið,
Reykjavík.

Með bréfi frá 16. maí 1980 óskaði landbúnaðarráðuneytið eftir umsögn minni, sbr. lög nr. 31/1970, um erindi frú Sigríðar Ásgeirsdóttur, lögmanns, en hún fór þess á leit að fá starfsleyfi fyrir danskan dýralækni, Erik Ramskov Garbus, til að starfa hér á landi við almennar dýralækningar um 6 mánaða skeið við dýraspítala Watsons í Reykjavík. Ekki fylgdu umsókn þessari nein gögn um próf þessa læknis eða upplýsingar um störf hans.

Með bréfi, dagsettu 27. maí 1980, greindi ég landbúnaðarráðuneytinu frá því, að ekki væri unnt að fjalla um þetta erindi, þar sem öll nauðsynleg gögn skorti.

Síðan hefi ég ekkert af máli þessu frétt þar til 13. þ. m., að formaður Dýralæknafélags Íslands tjáði mér, að vottorð um dýralæknispróf hr. Garbus hefði borist honum í sambandi við, að hann var beðinn um umsögn varðandi atvinnuleyfi til handa hr. E. R. Garbus hér á landi.

Samkvæmt þeim gögnum, sem ég hefi aflað mér að öðrum leiðum og áreiðanleg mega teljast, lauk E. R. Garbus prófi frá dýralæknaháskólanum í Kaupmannahöfn árið 1972. Síðan hefur hann starfað lengst af hjá H. Breth Hansen í Laurbjerg á Jótlandi og hefur auk þess farið í námsferð til Bandaríkjanna árið 1972.

Ekki hefur mér tekist að afla gagna um það, að E. R. Garbus hafi hlotið sérstaka viðurkenningu sem sérfræðingur á sviði dýralækninga, en hann mun þó hafa starfað við dýraspítala H. Breth Hansen í nokkur ár.

Ekki er mér kunnugt um, að E. R. Garbus hafi kynnt sér sérstaklega aðstæður, sem íslenskir dýralæknar starfa við, eða

þau lög og reglugerðir, sem í gildi eru hér á landi um störf og starfsemi dýralækna, sjúkdóma húsdýra, heilbrigðiseftirlit og heilbrigðislöggjöf, er varðar dýr og afurðir þeirra, eða þær reglur og lög, sem lúta að sölu, vörslu, dreifingu og afhendingu lyfja, en það er almenn regla, að nýir dýralæknar, sem til landsins koma, setji sig inn í þessi mál, áður en læknisleyfi er veitt.

Mér er kunnugt um, að Danska dýralæknafélagið fór þess á leit bréflega við húsbónda E. R. Garbus, H. Breth Hansen dýralækni, að hann réði sig ekki til dýralæknisstarfa á Íslandi í andstöðu við Dýralæknafélag Íslands, og mun E. R. Garbus hafa verið kunnugt um þá afstöðu Danska dýralæknafélagsins.

Dýralæknafélag Íslands hefur tilkynnt mér bréflega, að það sé andvígð því, að erlendur dýralæknir hefji hér almenn dýralæknisstörf, þar sem nú er svo komið málum, að tiltækir eru íslenskir dýralæknar til starfa, ef starf losnar. Gildir það jafnt um störf á dýraspítala Watsons sem önnur störf, enda hafa íslenskir dýralæknar boðist til að taka að sér störf við þennan spítala, ef starfslaun væru tryggð, svo sem hinu háa ráðuneyti mun kunnugt, jafnvel boðist til að taka rekstur hans alveg að sér. Hinsvegar liggur það ljóst fyrir, að Dýralæknafélag Íslands og héraðsdýralæknirinn í Reykjavík hafa verið því samþykkt, að hingað yrði fenginn erlendur maður með sérþekkingu á rekstri dýraspítala sem ráðgjafi um skamma hríð, meðan starfsemi þar væri að komast á rekspöl, og þá að sjálfsögðu í samstarfi við íslenska dýralækna. Er það í samræmi við tilhögun, sem þráfaldlega hefur tíðkast, þegar erlendir menn hafa verið kvaddir til að leysa af hendi sérstök verkefni, sem sérþekkingu hefur þurft til, og þá í samstarfi við hérlanda menn.

Um þetta atriði var gert sérstakt samkomulag milli H. Breth Hansen og Dýralæknafélags Íslands, þar sem lögð var á það megin áhersla, að um sérfræðilega aðstoð yrði að ræða í samstarfi og að ósk íslenskra dýralækna og þá að sjálfsögðu fyrst og fremst héraðsdýralækninn í Reykjavík. Um þetta atriði var hr. E. R. Garbus vel kunnugt.

Nú hefur mér borist bréf héraðsdýralæknis í Reykjavík um það, að hr. E. R. Garbus hafi tekið til starfa við dýraspítala Watsons á eigin spýtur án samráðs við hann eða aðra dýralækna hérlanda. Fylgir ljósrit af bréfi héraðsdýralæknis hérmeð. Gengið hefur verið úr skugga um, að rétt er hermt um atvik þau, sem bréfið greinir frá.

Í Morgunblaðinu 14. þ. m. er frá því greint, að margnefndur dýralæknir Garbus hafi hafið almenn dýralæknisstörf án þess að hafa tilskilin leyfi yfirvalda, enda þótt honum hafi verið gert fullljóst af formanni Dýralæknafélags Íslands, að slíkt væri óheimilt. Mun slík óskammfeilni fátíð sem betur fer. Því virðist ljóst, að hr. E. R. Garbus virðir íslensk lagaákvæði að vettugi sem og það samkomulag, sem bundið var fastmælum milli Dýralæknafélags Íslands og H. Breth Hansen fyrir hans hönd.

Með tilliti til þess, sem hér er rakið, treysti ég mér ekki til þess að mæla með því, að hr. dýralækni E. R. Garbus verði veitt læknisleyfi til þess að stunda dýralækningar hér á landi, samanber lög nr. 31/1970.

Virðingarfyllt,
Páll A. Pálsson“.

Málsástæður og lagarök.

Eins og fyrr er rakið, taldi dómari máls þessa vafa kunna leika á um dómhæfi kröfugerðar stefnenda. Að ákvörðun dómara og með samkomulagi aðilja var ákveðið, að formhlið málsins yrði tekin til athugunar, og fór því fram sérstakur flutningur um það atriði.

Stefnendur telja kröfur sínar dómhæfar og að dómara beri að leggja efnisdóm á málið. Það sjónarmið sitt styðja stefnendur við 60. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveði á um úrskurðarvald dómenda varðandi embættistakmörk yfirvalda. Yfirdýralæknir sé embættismaður og embætti hans stofnað með lögum. Í embættisfærslu sinni beri honum að fara eftir þeim lögum og reglum, er á hverjum tíma gildi. Ein af embættisskyldum yfirdýralæknis sé sú að gefa umsögn varðandi umsækjendur um leyfi til dýralækninga, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1970 um dýralækna. Í umsögn sinni, sem sé bindandi fyrir ladbúnaðarráðherra, beri yfirdýralækni að tjá sig um hæfnisskilyrði umsækjenda, þ. e. hvort þeir séu hæfir til þess að gegna dýralækningum hér á landi. Sá sé tilgangur umsagnarinnar samkvæmt lögnum.

Í umsögn yfirdýralæknis til landbúnaðarráðherra frá 16. júní 1980 um umsókn E. R. Garbus, annars af stefnendum þessa máls, hafi yfirdýralæknir eigi fullnægt framangreindri lagaskyldu sinni, þar sem hann hafi ekki tjáð sig um hæfnisskilyrði umsækjanda, heldur byggt umsögn sína á allt öðrum og annarlegum sjónarmiðum. Yfirdýralæknir hafi þannig ekki gætt lagaskilyrða, heldur sjálfur valið sér að eigin geðþótta þær forsendur,

sem hann byggði umsögn sína á. Röksemdir yfirdýralæknis fyrir synjun um að veita E. R. Garbus meðmæli, hafi verið stéttahagsmunagæsla fyrir Dýralæknafélag Íslands, eins og glöggst megi af bréfi yfirdýralæknis frá 16. júní 1980 ráða, þar sem það komi fram, að hann treysti sér ekki til þess að mæla með veitingu lækningaleyfis, þar sem fram hafi komið eindregin andmæli dýralæknastéttarinnar gegn slíkri ráðstöfun. Slík stéttahagsmunagæsla sé ekki í verkahring yfirdýralæknis.

Stefnandi telur, að þegar stjórnvald eins og yfirdýralæknir byggji afstöðu sína á ómálefnislegum grunni og atriðum, sem honum lögum samkvæmt ber ekki að taka afstöðu til, varði það ógildi stjórnarathafnar. Umsögn yfirdýralæknis sé stjórnarathöfn, eins og glöggst megi ráða af því, að landbúnaðarráðherra sé bundinn af slíkri umsögn. Um þetta atriði eigi dómstólar tvímælalaust úrskurðarvald.

Þar sem umsögn yfirdýralæknis sé sjálfstæð stjórnarathöfn, beri enga réttarfarsnauðsyn til þess að stefna jafnframt landbúnaðarráðherra, þar sem hann eigi ekki aðild að þeirri stjórnarframkvæmd, sem um sé deilt í málinu.

Að því er varði hagsmuni stefnenda af því að fá úr því skorið í máli þessu, hvort yfirdýralæknir hafi staðið að umsögn sinni innan lögskipaðra marka, þá getur stefnandi þess, að eigi hafi tekist að fá íslenska dýralækna til starfa við dýraspítalann. Því hafi eigi annar kostur verið fyrir hendi en sá að reyna að fá erlenda lækna þar til starfa. Þetta hafi ekki tekist vegna andmæla frá Dýralæknafélagi Íslands, sem sé andvíggt því, að erlendir dýralæknar ráðist hér til starfa. Með slíka stéttahagsmunagæslu í huga neiti yfirdýralæknir að gefa erlendum dýralæknum meðmæli til starfa hér á landi. Það sé hins vegar forsenda fyrir rekstri dýraspítalans, að dýralæknir fái þar til starfa. Slíkt sé hins vegar óhugsandi, meðan yfirdýralæknir neiti erlendum mönnum um meðmæli af þeim ástæðum, sem raktar hafi verið og mál þetta sé höfðað út af.

Stefndi, sem ekki gerir sérstaka frávisunarkröfu í málinu, heldur því fram, að í dómsmáli um það, hvort yfirdýralæknir hafi í umsögn sinni frá 16. júní 1980 gætt lagaskilyrða þeirra, er honum beri að gæta, beri réttarfarslega nauðsyn til þess að stefna jafnframt landbúnaðarráðherra. Samaðild sé með landbúnaðarráðherra og yfirdýralækni í slíkri málshöfðun, þar sem veiting leyfis til dýralækninga samanstandi af tveimur þáttum, umsögn yfirdýralæknis og síðan formlegri veitingu ráðherra. Ef aðeins

yfirdýralækni sé stefnt, þá sé sá fræðilegi möguleiki fyrir hendi, að umsögn yfirdýralæknis verði metin ógild, en eftir standi óhöggúð athöfn ráðherrans, þ. e. synjun hans um veitingu lækningaleyfisins. Verði ekki séð, að stefnendur hafi af því lögvarða hagsmuni að fá slíkan dóm. Hann kvaðst ekki hafa séð né sjá sérstaka ástæðu til þess að gera frávisunarkröfu vegna þessa formgalla, þar sem það væri ex officio skylda hjá dómara að ganga úr skugga um dómhæfi kröfugerðar í dómsmáli.

Álit réttarins.

Dómkrafa stefnenda er sú, „að viðurkennt verði með dómi, að synjun yfirdýralæknis um meðmæli með því, að Eric Ramskov Garbus verði veitt lækningaleyfi til starfa við Dýraspítala Watsons, sé ólögmæt.“ Röksemdir stefnenda eru þær, „að yfirdýralæknir hafi með synjun sinni um meðmæli í bréfi hans, dags. 16. júní 1980, til landbúnaðarráðuneytisins brotið gegn þeirri grundvallarreglu að tjá sig um hæfnisskilyrði stefnanda E. R. Garbus til þess að hljóta lækningaleyfi og því byggt synjun sína á röngum forsendum . . .“, eins og segir í greinargerð stefnenda.

Yfirdýralæknir er samkv. 1. gr. laga nr. 31/1970 um dýralækna umsagnaraðili við veitingu leyfa til dýralækninga. Með bréfi sínu, dags. 16. júní 1980, fullnægði yfirdýralæknir umsagnarskyldu sinni. Í athugasemdum við 1. gr. laga nr. 31/1970 kemur fram, að sú grein er arftaki 5. gr. eldri laga um dýralækna, laga nr. 124/1947, og efnislega eins. Í 5. gr. laga nr. 124/1947 sagði, að landbúnaðarráðherra veitti lækningaleyfi „að fengnum tillögum yfirdýralæknis.“ Er því ljóst, að landbúnaðarráðherra er eigi bundinn af álitum yfirdýralæknis.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 31/1970 veitir landbúnaðarráðherra leyfi til dýralækninga. Umsögn yfirdýralæknis er samkv. sömu lagagrein lögskipaður undanfari slíkrar veitingar. Á það má fallast með stefnendum, að þeir geti haft af því lögvarða hagsmuni að fá úr því skorið, hvort umsögn yfirdýralæknis, sem er þáttur í veitingu leyfis til dýralækninga, hafi verið framkvæmd innan þeirra marka, er lög setja. Dómsstólar eiga samkv. 60. gr. stjórnarskrárinnar úrskurðarvald um ágreining þar að lútandi. Að álitum réttarins getur könnun slíkra lagaskilyrða þó ekki farið fram öðruvísi en í dómsmáli um gildi þeirrar stjórnarathafnar, sem umsögnin er lögskipaður undanfari að.

Eins og mál þetta er lagt fyrir dóminn, verður að telja, að dómkrafa stefnenda feli eigi í sér kröfu um úrlausn ákveðins réttar-

ágreinings, sem stefnendur hafi sýnt fram á, að þeir hafi lögvarða hagsmuni af að fá úr skorið. Dómkrafa þeirra felur í sér kröfu um lögfræðilega álitssgerð. Með vísan til 67. gr. laga nr. 85/1936 verður að telja kröfugerð, sem felur í sér kröfu um slíka almenna könnun lagaskilyrða án sýnilegra réttarhagsmuna, ódómhæfa, og ber því að vísa máli þessu frá dómi án kröfu.

Málskostnaðarkrafa kom ekki fram varðandi þennan þátt málsins, og dæmist málskostnaður því ekki.

Dóm þennan kvað upp Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík.

Dómsorð:

Máli þessu er án kröfu vísað frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.

Föstudaginn 20. mars 1981.

Nr. 97/1979. **Kristján Júlíusson**

(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

Ívari Sveinbjörnssyni og

Daníu Árnadóttur

og gagnsök

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. maí 1979. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar úr þeirra hendi í héraði og fyrir Hæstarétti í aðalsök og einnig fyrir Hæstarétti í gagnsök.